

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025, Norðurþingi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. desember 2006 staðfest aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Norðurþings hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987 með síðari breytingum og aðalskipulag Reykjahrepps 1992-2012, Skarðaháls, frá 25. maí 1993, með síðari breytingum. Ráðherra hefur veitt undanþágu frá ákvæðum laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr.

*Umhverfisráðuneytinu, 1. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2006